

Landeldi hf.  
Urðarhvarf 8B,  
203 Kópavogur

Selfoss, 15.8.2023  
UST202301-443/H.M.V.  
08.12.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 6. júní 2023 - Landeldi ehf. (First Water), Öxnalækur**

Þann 6. júní sl. fór fram eftirlit hjá Landeldi ehf. í Öxnalæk. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### **Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:**

Ábending er varðar aðkomu lóðar. Mikið af óþarfa úrgangi er innan lóðamarka rekstraraðila. Er rekstraraðila bent á að koma ástandi hennar í betra horf.

### **Þrjú frávík komu fram er varða:**

1. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Efnalosun í frárennsli á fosfór (P) og köfnunarefni (N) árið 2022 mældust 8,88 kg P/framleitt tonn og 124,34 kg N/framleitt tonn. Viðmiðin eru hins vegar 7 kg P/framleitt tonn af fosfór og 60 kg N/framleitt tonn af köfnunarefni. Aukning umfram heimild af fosfór er því 25% og af köfnunarefni, 107%.
2. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti var skilað 11. júlí sl. og telst því frávikinu lokið.
3. Gr. 3.6 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 og skila til eftirlitsaðila árlega, fyrir 1. maí fyrir undangengið almanaksár sbr. 11 gr. fyrrnefndrar reglugerðar um grænt bókhald. Grænu bókhaldi var skilað 12. júlí sl. og er því fráviki lokið.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 6. september 2023.**

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Kristín Kröyer  
sérfræðingur